

# KENNSLULEIÐBEININGAR

Mikilvægt er að gefa nemendum sínum nægan tíma í verkefni. Ekki er ætlast til þess að nemendur fari í gegnum þau öll heldur einungis það sem þeir komast yfir og það sem kennari setur fyrir hverju sinni. Mikilvægt er hins vegar að allir nemendur hafi vinnudagbók, eins konar skissubók eða hugmyndabók, við öll verkefni.

## Vinnudagbók

Hver nemandi þarf að hafa vinnudagbók. Tilgangur hennar er vel útskýrður í köflunum *Verkefni í fatahönnun* og *Hvernig fer fatahönnun fram?* Mikilvægt er að kennari geri sér grein fyrir því að hugmyndavinnan spilar stóran sess í hönnuninni, afurðin er svo ávinningurinn en er alls ekki það eina sem metið er af vinnu nemandans. Kennari ætti sjálfur að hafa vinnudagbók til að sýna gott fordæmi fyrir nemendum. Einnig er hægt að safna hugmyndum og myndum á vegg til þess að efla sköpunargáfu nemenda. Gott er að hafa stofuna og rýmið sem nemendur eiga að vinna í spennandi og hvetjandi t.d. raða efnum og garni eftir litum, hafa sömu efni saman o.s.frv.



## Kveikjur að verkefnum

**Ull:** Kennari getur verið með alls kyns mismunandi ullarefni og sýnt nemendum og fjallað um eiginleikana. Hægt er að fara í vettvangsferð í Ístex eða Álafoss í Mosfellsbæ. Kennari getur haft upp á fatahönnuði jafnt íslenskum sem erlendum og kynnt fyrir nemendum og jafnvel farið í vettvangsferð. Mikilvægast er að fanga huga nemendanna, þannig að áhugi vakni á verkefninu.

**Lesefni:** *Hannyrðir* fyrir 3.–6. bekk bls. 16. *Internetið, leitarorð ull og wool. Snið og sniðteikningar fyrir grunnskóla* eftir Inger Öberg, ísl. þýðing.



**Bómull:** Kennari getur verið með alls kyns mismunandi bómullarefni og sýnt nemendum og fjallað um eiginleikana. Hægt er að fara í vettvangsferð í verslanir. Kennari getur haft upp á hönnuði bæði íslenskum og erlendum og kynnt fyrir nemendum og jafnvel farið í vettvangsferð. Mikilvægast er að fanga huga nemendanna, þannig að áhugi vakni á verkefninu.

**Lesefni:** *Hannyrðir fyrir 3.–6. bekk* bls. 14. Internetið, leitarorð bómull, cotton. *Snið og sniðteikningar fyrir grunnskóla* eftir Inger Öberg, ísl. þýðing.

**Gerviefni:** Kennari getur verið með alls kyns mismunandi gerviefni og sýnt nemendum og fjallað um eiginleikana. Hægt er að fara í vettvangsferð í verslanir eða t.d. Hampiðjuna, þar er búið til gerviefni. Kennari getur haft upp á hönnuði og kynnt fyrir nemendum og jafnvel farið í vettvangsferð.

**Lesefni:** *Hannyrðir fyrir 3.–6. bekk* bls. 22. Internetið, leitarorð gerviefni, synthetic fabric, polymer. *Snið og sniðteikningar fyrir grunnskóla* eftir Inger Öberg, ísl. þýðing.

**Lönd og þjóðir:** Kennari getur verið með myndir af alls kyns mismunandi löndum og þjóðbúningum þeirra og sýnt nemendum og fjallað um hvernig hægt er að vinna út frá þeim. Hægt er að sýna myndband frá landi þar sem fatnaður er áberandi öðruvísi eins og t.d. kvikmyndina *Crouching Tiger Hidden Dragon*, sem sýnir fallegan og öðruvísi fatnað frá Kína.

**Lesefni:** Internetið. Bækur og bæklingar frá hinum ýmsu löndum. *Snið og sniðteikningar fyrir grunnskóla* eftir Inger Öberg, ísl. þýðing.

**Náttúran:** Kennari getur verið með hluti úr náttúrunni eða skissur og sýnt nemendum og fjallað um hvernig hægt er að vinna út frá því. Hægt er að fara í göngutúr með nemendum til áhugavakningar á því hverju maður tekur eftir í náttúrunni og hvernig maður getur nýtt sér það. Margir fatahönnuðir nota t.d. náttúruna til þess að búa til prent á fatnað sinn. Mikilvægast er að vekja áhuga nemenda á verkefninu.

**Lesefni:** Internetið. Bækur og bæklingar um náttúru. *Snið og sniðteikningar fyrir grunnskóla* eftir Inger Öberg, ísl. þýðing.

**Endurvinnsla:** „Textílnám byggist á þekkingu á eðli efna og vinnuferla og ríkrí hefð nýtingar og endurnýtingar. Í nútímasamfélagi verður æ brýnna að koma í veg fyrir mengun og sóun efna með endurnýtingu og endurvinnslu efnislegra gæða. Slíkum markmiðum verður ekki náð nema almenn-ingur hafi þekkingu á efnum og eiginleikum þeirra og búi yfir færni sem þarf til að hagnýta sér þessa eiginleika“<sup>1</sup>. Kennari getur viðað að sér endurvinnsluefni eins og gömlum fatnaði, dagblöðum (t.d. hægt að nota sem sníðapappír), gardínum, dúkum, gömlum tölum og ýmsu öðru sem til fellur. Gott er að leggja höfuð í bleyti með nemendum og fara í gegnum það hvað og hvernig er hægt að endurvinna hluti sem við eigum til eða ætlum að henda til þess að búa til fatnað og fylgihluti. Kennari og nemendur geta skoðað kaflann um *Vinnuferli* en þar er á óvenjulegan hátt notast við endurvinnslu við gerð fatnaðar og fylgihluta. Kennari getur haft upp á fatahönnuði, bæði íslenskum og erlendum, sem notast við endurvinnslu t.d. íslenska fatamerkið Aftur og kynnt fyrir nemendum og jafnvel farið í vettvangsferð. Mikilvægast er að vekja áhuga nemenda á verkefninu.

**Lesefni:** Internetið leitarorð recycling, upcycling, fashion recycling. Bækur um endurvinnslu. *Úr einni flik í aðra* eftir Elínu Arndísi Gunnarsdóttur. *Snið og sniðteikningar fyrir grunnskóla* eftir Inger Öberg, ísl. þýðing.

**Fatahönnuður:** Kennari getur valið einn fatahönnuð og fjallað um hann og lýst sínum hugmyndum á honum og hvernig hægt væri að vinna út frá upplýsingunum um fatahönnuðinn. Hér er líklegast best að nota netið og láta nemendur finna fatahönnuði sem þeir hafa áhuga á. Einnig er hægt að fá bækur á bókasöfnum sem innihalda upplýsingar um helstu hönnuði heims. Kennari getur haft uppi á íslenskum fatahönnuði til að taka á móti hópnum ásamt kennara.

**Lesefni:** Internetið. Notað það sem er að finna í námsefninu *Fatahönnun og Vefsíður fatahönnuða. Snið og sniðteikningar* fyrir grunnskóla eftir Inger Öberg, ísl. þýðing.

**Tískublað:** Kennari getur verið búinn að safna stafla af tískublöðum og leyfa nemendum að skoða og fá innblástur og/eða klippa út. Hægt er að fara í vettvangsferð á bókasafn eða í bókabúð, í flestum bókabúðum á höfuðborgarsvæðinu og víðar er hægt að setjast niður og lesa það blað sem mann langar til hverju sinni. Mikilvægast er að fanga huga nemenda, þannig að áhugi vakni á verkefninu.

**Lesefni:** Internetið. Tískublöð. *Snið og sniðteikningar fyrir grunnskóla* eftir Inger Öberg, ísl. þýðing.

**Saga tískunnar:** Kennari getur sýnt fatnað frá mismunandi tímabilum, eins og t.d. hippatímabilið, níunda („eighies“) og þann tíunda („nineties“). Þetta getur verið mjög spennandi fyrir nemendur og vakið innblástur. Mikilvægast er að vekja áhuga nemenda á verkefninu.

**Lesefni:** Internetið. Í námsefninu er kafli sem heitir Saga tískunnar og hægt að fá hugmyndir þaðan. *Tíska* í þýðingu Fríðar Ólafsdóttur, alls kyns erlendar bækur um sögu tískunnar. *Snið og sniðteikningar* fyrir grunnskóla eftir Inger Öberg, ísl. þýðing.

**Kvikmyndir:** Til dæmis kvikmyndirnar *Moulin Rouge*, *Crouching Tiger Hidden Dragon*, *Elizabeth: The Golden Age* eða önnur kvikmynd sem kennara dettur til hugar þar sem klæðnaður er áberandi og veitir innblástur. Mikilvægast er að vekja áhuga nemenda á verkefninu.

**Lesefni:** *Moulin Rouge*, *Elizabeth: The Golden Age* eða önnur kvikmynd. *Snið og sniðteikningar fyrir grunnskóla* eftir Inger Öberg, ísl. þýðing.

**Form:** Kennari getur verið með form, hringi, þríhyrning og ferhyrninga sem hann hefur klippt út og svo sýnt, töskur, pils og annað sem hafa þetta ákveðna form. Kennari hefur samræður við nemendur sína um formin og hvernig hægt er að nýta þau í hönnuninni. Mikilvægast er að fanga huga nemendanna, þannig að áhugi vakni á verkefninu.

**Lesefni:** *Snið og sniðteikningar fyrir grunnskóla* eftir Inger Öberg, ísl. þýðing.

## Efni og áhöld

Sníðapappír, málbönd, skæri, límbönd, blýantar, pennar, reglustikur, mismundandi efni, nálar, títu-prjónar, skraut s.s. perlur, tvinni, garn, tjull, pallíftur og annað sem til fellur, gína ef hún er fyrir hendi, spegill og að sjálfsögðu saumavélar.

## Handleiðsla

Verkefni segja sig flest öll sjálf en engu að síður er mikilvægt að kennari fari yfir það með nemendum sínum og hjálpi þeim við hugmyndavinnu og leiði þá áfram í sköpun sinni. Kennari þarf að vera opinn fyrir öllum hugmyndum og leiðbeina nemandanum hæfilega.

## Námsmat

Námsmat í textílmennt er nauðsynlegur leiðsagnarþáttur fyrir nemendur og kennara. Mikilvægt er að í upphafi sé nemendum gerð grein fyrir markmiðum með verkefnum og náminu sem slíku. Nemendur þurfa að gera sér grein fyrir hver stefnan sé með náminu og hvernig það er metið.

Námsmat miðar að því að safna upplýsingum um stöðu nemenda, getu þeirra og kunnáttu og þarf fyrst og fremst að taka mið af settum markmiðum með hverju verkefni. Við lokanámsmat skal kennari að sjálfsögðu einnig huga að þáttum eins og framförum, sjálfstæði, frumkvæði, ástundun, vinnubrögðum og samstarfshæfni. Jákvætt námsmat á að vera leiðbeinandi, gefa nemendum ábendingar um stöðu sína og veita þeim hvatningu til að halda áfram.

Hvernig sem kennari metur námið, þ.e. ef notuð er skrifleg umsögn, tákn eða tölulegt mat, er mikilvægt að námsmatið sé ekki eingöngu kennaramat heldur fái nemendur frá upphafi leiðsögn í að meta eigin frammistöðu og verk á raunhæfan hátt og taki þar með þátt í þeirri ábyrgð sem fylgir námsmatinu. Sjálfsmat þjálfar nemendur í gagnrýninni hugsun og gefur þeim tækifæri til að tjá sig um verk sín og vinnubrögð<sup>2</sup>.

**Heimildir:** 1. Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, 2007 bls. 16. 2. Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, 2007, bls.17–18.

**Myndir:** 1–3. Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir.